

um breyting á lögum nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi eftir því, sem hagkvæmt þykir. Við skiptingu þessa skal, eftir því sem fært þykir, höfð hliðsjón af læknishéruðum og lögsagnarumdæmum.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginga nefnd. Skulu fjórir nefndarmanna kosnir hlutfallskosningu af sveitarstjórnnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Hinn fimmta skipar ráðherra að fenginni tillögu tryggingaráðs, og er hann fornaður.

Kjósa skal og skipa jafnmarga varamenn. Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eru búsettir.

Hlutverk trygginganefnda er að starfrækja skrifstofur fyrir Tryggingastofnunina, þar sem þær eru, og annast rekstur trygginganna í viðkomandi umdæmi í uþóði Tryggingastofnunarinnar. Enn fremur að gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, sem mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Tryggingaráð setur nefndum þessum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til nefndarmanna, sem greiðist af Tryggingastofnuninni.

Í tryggingaumdæmum, sem mynduð eru af fleiri en einu sveitarfélagi, hefur Tryggingastofnunin umboðsmenn eftir því, sem þörf krefur.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Árlegur ellilífeyrir er sem hér segir:	1. verðlagssvæði	2. verðlagssvæði
	kr.	kr.
Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri	2400.00	1800.00
Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri ..	1500.00	1125.00

Sömu fjárhæð og hjónum samkvæmt þessari grein skal greiða konu og karlmanni, þótt ógift séu, ef þau búa saman og hafa sameiginlegt heimilishald.

3. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir er sem hér segir:	
Á 1. verðlagssvæði	kr. 1000.00
— 2. —	— 750.00

og er hann greiddur í þeim tilvikum, sem um getur í 21.—29. gr.

4. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Allar konur, sem verða ekkjur innan 67 ára aldurs, eiga rétt á bótum í 3 mánuði eftir lát eiginmanns þeirra, kr. 140.00 mánaðarlega.

Ekkja, yngri en 67 ára, sem við lát eiginmanns síns hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára, sem greiddur er með barnalífeyrir samkv. 23. gr., á rétt á ekkjubótum, unz börn þessi eru fullra 16 ára.

Ekkjubætur skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 750.00 á ári
— 2. —	— 565.00 — —

Ef ekkja giftist, getur hún fengið greidda í eitt skipti fyrir öll fjárhæð, er svari til þriggja ára ekkjubóta, þó aldrei hærri en hún hefði fengið, ef hún hefði eigi gift aftur. Að öðru leyti falla ekkjubætur niður, er ekkja giftist aftur, og eftir atvikum einnig, ef hún býr með karlmanni án þess að vera gift honum.

Bætur samkvæmt 2. og 3. málgr. þessarar greinar skulu og greiddar einstæðum mæðrum, sem fá greiddan barnalífeyri samkv. 27.—29. gr.

Ef ekkjur eða einstæðar mæður, sem fá bætur samkv. 2. og 3. málgr., eru vegna erfiðra heimilisástandna algerlega hindraðar frá því að vinna fyrir sér, getur Tryggingastofnunin hækkað þessar bætur þeirra um allt að 100%.

5. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráði er heimilt, auk bóta samkv. 1. mgr. 35. gr., að greiða þeim, sem verða ekkjur á aldrinum 50—67 ára og ekki hafa börn á framfæri sínu, árlegan lífeyri eftir þeim reglum, er hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 1500.00 á ári
— 2. —	— 1125.00 — —

Þessar upphæðir eru miðaðar við 67 ára aldur, en lækka um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á, að ekkja sé 67 ára.

Ef ekkja, sem rétt á til bóta samkv. 2. og 3. mgr. 35. gr., mundi fá hærri lífeyri eftir ákvæðum þessarar greinar, getur Tryggingastofnunin greitt henni þann mismun.

Bætur samkv. þessari grein eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

6. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Tryggingastofnunin getur veitt bætur eiginkonu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, enda þótt hún sé ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki, sbr. 18. gr.

Slíkar bætur skulu vera:

Á 1. verðlagssvæði allt að	kr. 750.00 á ári
- 2. — — — —	— 565.00 — —

Bætur þessar eru því aðeins veittar, að Tryggingastofnunin telji þess þörf, að undangenginni rannsókn á fjárhag umsækjanda.

Ef maður kvænist fullra 60 ára eða eldri, getur eiginkona hans eigi fengið bætur samkvæmt þessari grein. Sama máli gegnir um konu örorkulífeyrisþega, sem kvænt hefur eftir að hann varð öryrki eða eftir að ljóst var, að orsakir örorkunnar voru tilkomnar.

7. gr.

107. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld skulu vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði.	
Kvæntir karlar	kr. 120.00 á ári
Ókvæntir karlar	— 96.00 — —
Ógiftar konur	— 72.00 — —
Á 2. verðlagssvæði.	
Kvæntir karlar	kr. 92.00 á ári
Ókvæntir karlar	— 72.00 — —
Ógiftar konur	— 56.00 — —

Auk þessara iðjalda skulu einstaklingar og félög greiða sem iðgjöld hundradshluta af tekjum sínum eins og hér segir:

- Peir, sem hafa minna en 25 þús. króna árstekjur, skulu greiða 1% af hreinum tekjum, að frátöldum persónufrádrætti, sem nemur 7000 krónum fyrir hjón, 4000 krónum fyrir einstakling og 3000 krónum fyrir barn.
- Peir, sem hafa í árstekjur 25 þús. krónur eða meira, skulu greiða af 25 þús. krónum eins og segir í a-lið, en 2% af hreinum tekjum umfram 25 þús. krónur.

8. gr.

Við 2. tölulið bráðabirgðaákvæða bættist: Vísitöluhækkun kemur þó ekki á hundraðsgjaldið samkv. 107. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948.

Greinargerð.

Þegar lögín um almannatryggingar voru sett á síðastliðnu ári, beitti Sózialistaflokkurinn sér fyrir ýmsum veigamiklum breytingartillögum, sem ekki náðu þá fram að ganga. Í frumvarpi þessu er efni þeirra tillagna tekið upp að nýju, í trausti

Þess, að nú fáist nægilegt þingfylgi fyrir slíkum endurbótum á almannatryggingunum.

Í fyrstu grein frumv. felst sú breyting, að stjórn trygginganna verði með lýðræðislegri hætti en lögin nú kveða á um, þ. e. að í stað þess, að yfirstjórn trygginganna skipi að eigin geðþótta umboðsmenn og starfslið trygginganna um land allt, þá skuli í hverju tryggingaumdæmi starfa trygginganefnd, sem að $\frac{4}{5}$ sé kosin af viðkomandi sveitarstjórnnum, en formaður stjórnskipaður. Er þetta fyrirkomulag í eðli sínu það sama, sem bráðabirgðasamkomulag varð um að hafa á þessu fyrsta ári almannatrygginganna, með því að fela stjórnnum sjúkrasamlaganna framkvæmd þeirra, hverri í sínu umdæmi, — en þær eru myndaðar með sama hætti og trygginganefndirnar mundu verða samkv. frumv.

Önnur aðalbreytingin, sem frumv. felur í sér, er sú, að allar fastar lífeyrisgreiðslur eru hækkaðar um 25%. Sú tillaga var flutt af fulltrúa Sósíalistaflokksins þegar í millipinganefndinni, sem undirbjó tryggingalögin, og síðan í gegnum alla meðferð málsins á Alþingi. Er það skoðun mín, að ekki verði náð þeim höfuðtilgangi trygginganna, að bótapegarnir þurfi ekki á annarri opinberri fjárhagsaðstoð að halda, nema lífeyrisgreiðslurnar verði hækkaðar a. m. k. eins og hér er farið fram á.

Þriðja mikilvæga breytingin er sú, að tekna eru upp ekkjubætur sem föst lífeyrisgreiðsla til ekkna, sem hafa börn á framfæri sínu, — en ákvæði, sem um þetta var í tryggingalagafrumvarpinu, var fellt niður í meðferð Alþingis, þegar lögin voru sett á s. l. ári. — Sömuleiðis er ætlað til, að einstæðar mæður njóti sömu hlunninda og ekkjur með börn á framfæri, enda er aðstaða þeirra mjög sambærileg.

Það skilningsleysi meiri hluta Alþingis á aðstöðu ekkna og einstæðra mæðra, sem fram kom í afgreiðslu þess á þessu atriði trygginganna, vakti almenna gremju og allmiklar umræður utan þingsins. Er því þess að vænta, að alþingismenn séu fúsir til að endurskoða afstöðu sína í þessu efni og viðurkenna réttmæti þeirra ekkjubóta og mæðralauna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá gerir frumv. loks ráð fyrir nokkurri breytingu á iðgjaldagreiðslum einstaklinga til trygginganna, þannig að persónuðgjöldin eru lækkuð um einn þriðja, en til viðbótar lagt á hundraðsgjald af tekjum, umfram tilgreindan persónufrádrátt, og nokkuð stighækkandi eftir tekjuhæð viðkomandi gjaldanda. Sýnist mér sanngjarn, að þannig sé tekið nokkurt tillit til gjaldgetu hinna tryggðu, þar sem iðgjöldin eru það há, að fátæku fólki veitist allörðugt að greiða þau.